

Mánudaginn 18. apríl.

Nr. 7/1910:

Réttvísinn

gegn

Kristjáni Jóni Guðjónssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Eyjafjarðarsýslu 12. janúar þ. á. var hinn ákærði Kristján Jón Guðjónsson, fyrrum búandi á Hraukbæ, dæmdur fyrir sviksamlegt athæfi samkvæmt 269. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og til að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns Jóns skrifara Guðmundssonar 8 krónur.

Það er með játningu ákærða og skýrslum málsins að öðru leyti löglega sannað, að ákærði, sem verið hefir leiguliði á Þjóðjörðinni Hraukbæ í Glæsibæjarhreppi síðan 1886, en var bygt út af téðri jörð til fardaga 1908 og jörðin þá tekin af honum, gat við úttekt jarðarinnar ekki skilað neinu af því $2\frac{1}{2}$ ásauðarkúgildi, sem fylgja átti jörðinni, og vantaði auk þess 73 kr. 50 a. til að geta svarað öðru álagi jarðarinnar. Hafði ákærði vorið 1907 selt 6 af kúgildisánum og aðrar 6 seldi hann í október s. á. en 3 slátraði hann til matar heimili sínu sama haustið um göngur. Ákærði hefir haldið því fram, að það hafi ekki verið ásetningur sinn að svíkja landsdrottinn með þessari förgun kúgildanna, heldur hafi hann hygst geta bygt á því, eftir þegar sendri beiðni sinni þar að lútandi og löglegum undirbúningi samkvæmt Þjóðjarðasölulögunum nr. 31, 20. október 1905, að hann fengi

keypta nefnda ábylissjörð sína, og hefði hann þá, er kaupin fullgjörðust, átt vísa von á því með tilstyrk vina sinna og aðstandenda, að geta greitt landssjóði það er þurfti. Þessi framburður ákærða hefir svo mikla stoð í skýrslum málsins, að það virðist mega leggja hana til grundvallar fyrir dómi í málinu, og verður þá ekki álitid, að ákærði hafi með sölu kúgildanna eða förgun þeirra gjört sig sekan í sviksamlegu athæfi, enda hefir undirdómarinn ekki talið það atferli hans saknæmt.

Þá er ákærða gefið það að sök, að hann hafi, eftir að útséð var um, að hann náði eigi kaupum á jörðinni og eftir að honum var útbyggt af henni, veðsett öðrum manni með skjali 27. desember 1907 þær skepnur, sem hann átti eftir, fyrir skuld, er maður þessi átti hjá honum, en ákærði virðist þá ekki hafa átt eftir, að þessum skepnum frágengnum, aðrar eignir en hús nokkur og þiljuvið, er honum mátti vera ljóst, að ekki nægði fyrir álaginu sjálfu, og því síður til að bæta upp kúgildaverðið, enda fekst, eins og fyr er sagt, ekkert upp í það við úttektina. Það er ekkert í málinu, sem bendir til þess, að ákærði hafi gjört nefnda veðsetningu í eigingjörnum tilgangi eða til málamynda, og hann hefir borið það, að hann hafi neyðst til hennar, af því að svo hart hafi verið að sér gengið með skuldina, en þó að ákærða fyrir getuleysi hafi eigi verið unt að halda til landsdrottins, til viðreisnar kúgildunum, sem hann álízt hafa felt niður að ósekju, þeim litlu eignum, sem hann átti eftir, en aðrir skuldheimtumenn urðu fyrri til að krefja hann skulda sinna, þá verður það ekki talið svik af honum eða sviksamleg athöfn, er honum verði refsað fyrir samkvæmt 263. gr. hegningarlaganna, er sérstaklega var vísað til í

málshöfðuninni fyrir undirrétti, eða annari grein þeirra. Það verður því að sýkna ákærða að öllu leyti í máli þessu, og ber að greiða allan málskostnaðinn, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 8 kr. og málflytningu- og verjandi fyrir yfirdóminum, er ákveðast 15 kr. til hvors, af almannafé.

Rekstur málsins í héraði hefir verið nokkuð seinfara, en fyrir þeim drætti álizt undirdómarinn hafa gjört sennilega grein. Að öðru leyti hefir málsmeðferðin þar verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Akærði Kristján Jón Guðjónsson á að vera sýkn af ákæru sækjandans í máli þessu. Málskostnaður allur, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaunin í héraði, 8 krónur, og málflytningu- og verjandi fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Nr. 8/1910:

Réttvísingegen
Steini Óla Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar,